



HÚSAVÍKURBÆR

Alþingi
Erindi nr. P 132/1316
komudagur 14.3.2006

KETILSBRAUT 7 - 9 - 640 HÚSAVÍK

Alþingi - iðnaðarnefnd
b/t Ingvars Þórs Sigurðssonar
150 Reykjavík

Húsavík, 10. mars 2006
Tilvísun: 2006020037 / 01-02-600

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun 2006-2009

Bæjarráð bókaði eftirfarandi á fundi sínum 9. mars 2006 undir lið 10.

"10. Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun 2006-2009 – umsögn (01-02-600/2006020037)

Iðnaðarnefnd Alþingis óskar umsagnar um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun 2006-2009.

Bæjarráð vísar til umsagnar um framkvæmd byggðaaætlunar 2002-2005 sem send var Byggðastofnun með bréfi 22. júlí 2005. Í þeirri greinargerð er víðað vikið að þeim áhersluatriðum sem bæjarráð telur mikilvægt að tekið sé á í byggðaaætlun 2006-2009.

Þetta staðfestist hér með.

Kveðjur
f.h. Húsavíkurbæjar

Húsavíkurbær
Fjármála- og stjórnsýslusvið
Hulda Ragnheiður Árnadóttir
Hulda Ragnheiður Árnadóttir

Hjálagt:
Umsögn um framkvæmd byggðaaætlunar 2002-2005



HÚSAVÍKURBÆR

KETILSBRAUT 7 - 9 - 640 HÚSAVÍK

*Byggðastofnun
Artorg 1
550 Sauðárkrókur*

Húsavík, 22. júlí 2005
Tilvísun: 2005070023 / 01-02-600

Efni: Álit á framkvæmd byggðaáætlunar 2002-2005

Með bréfi dags. 15. júní 2005 er þess óskað að Húsavíkurbær skili álit á því hvernig til hafi tekist með framkvæmd byggðaáætlunar 2002-2005. Án þess að ráðist hafi verið í umfangsmikla vinnu til að leggja mat á framkvæmd einstakra þátta áætlunarinnar vill bæjarráð Húsavíkurbæjar koma eftirfarandi atriðum á framfæri. Framsetning álitsins er með sama hætti og í skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis þar sem fjallað er um tuttugu og tveggja liða aðgerðaáætlun sem fylgdi byggðaáætluninni og vísar tölusetning í álitinu til þeirra, án þess þó að vikið sé að þeim öllum.

1) Endurskipulagning atvinnuþróunar á landsbyggðinni

Aukin fjárframlög til atvinnuþróunarfélaganna var nauðsynlegt og tímabært skref. Aukningin mun efla Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga (AÞ) til uppbyggingar á svæðinu. Hærri framlög stuðla að fjölbreyttari uppbyggingu atvinnutækifæra og fjölbreyttari verkefnum en áður var. Fyrir AÞ er mikilvægt að viðbótar framlag sem fékkst á síðustu fjárlögum festist í sessi. Sérstök fjárlægðarframlög hafa verið greidd vegna umfangs starfssvæðis AÞ og er það mjög hvetjandi til frekara samstarfs á svæðinu. AÞ gegnir mikilvægu hlutverki í eflingu byggðar og hefur sinnt hlutverki sínu vel í því sambandi.

Heildarskipulag atvinnuþróunar þarfnast endurskoðunar í átt til einföldunar kerfisins og aukinnar áherslu á hlutverk atvinnuþróunarfélaganna, sem hinna staðbundnu eininga í starfinu. Æskilegt væri að sjá félögin sem þungamiðju alls starfsins á landsvísi, þó með samræmingaraðila, eins og t.a.m. Byggðastofnun. Jafnframt þarf að skoða vel tengsl félaganna og ýmis konar þekkingarstarfsemi, s.s. við háskóla og háskólastofnanir, þ.m.t. þekkingarsetur á landsbyggðinni.

2) Aukin samvinna opinberra sjóða

Tekið er undir þá skoðun að koma þurfi á virkari samvinnu þessara sjóða enda fellur það að þeim sjónarmiðum sem fram eru sett í liðnum hér að framan. Hér er þeirri hugmynd varpað fram hvort ekki megi sameina þessa sjóði alla í einn þróunarsjóð sem gæti eftir atvikum verið deildarskiptur.



HÚSAVÍKURBÆR

KETILSBRAUT 7 - 9 - 640 HÚSAVÍK

3) Stækkun og efling sveitarfélaga

Í tengslum við áttak til eflingar sveitarstjórnarstigsins voru settar fram reglur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, sem fólu í sér rýmkun á heimildum sjóðsins til að taka þátt í kostnaði sveitarfélaganna vegna sameiningarkosninga.

Í undirbúningsvinnu að sameiningu 7 sveitarfélaga á svæðinu er þetta mikilvægur stuðningur og mjög hvetjandi til metnaðarfullrar vinnu við framkvæmd hugsanlegrar sameiningar. Forsendur smærri sveitarfélaga til virkrar þátttöku í undirbúningsvinnunni eru mun betri ef fyrirsjáanlegt er að einstök sveitarfélög þurfi ekki að bera mikinn kostnað af framkvæmdinni. Það er því afar jákvætt að félagsmálaráðuneytið taki þátt í kostnaði með þessum hætti.

Við frekari endurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs þarf að tryggja nauðsynlega jöfnun til víðfeðmra landsbyggðarsveitarfélaga og jafnframt þarf að tryggja að úthlutanir úr sjóðnum styðji stefnu stjórnvalda og Samb. ísl. sveitarfélaga um stækkun sveitarfélaganna.

4) Efling opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni

Ljóst er að hér hefur meira verið sagt en gert, enda verkefnið langt frá því að vera einfalt. Hagsmunagæsla "kerfisins" er sterk og þá hefur nokkuð borið á hefðbundnum hrepparig milli manna á landsbyggðinni þegar einstök verkefni eða hugmyndir í þessa veru hafa verið til umræðu.

Við þessa vinnu verður að gæta þess vandlega að sú þjónusta sem flutt er sé að færast af höfuðborgarsvæðinu út í einstaka landshluta, en ekki, eins og oft hefur borið við, að byggðir séu upp landshlutakjarnar með því að færa dreifða þjónustu landshlutans á einn stað. Slík stefna mun aldrei njóta stuðning þeirra sem búa utan viðkomandi byggðakjarna.

5&6) Athugun á búsetu- og starfsskilyrðum

Þrátt fyrir fyrirliggjandi upplýsingar um skekkt samkeppnisskilyrði framleiðslugreina á landsbyggðinni og ýmsan íþyngjandi kostnað fólks þar umfram það sem gerist á höfuðborgarsvæðinu hefur lítið gerst til jöfnunar.

Þrátt fyrir ákveðna hagræðingu í stórflutningum er ljóst að síðasta kerfisbreyting, upptaka oliugjaldsins, kemur til með að auka kostnað við fólksflutninga og vöruflutningabifreiðar án tengivagna.

Starfsskilyrði landbúnaðarins þarf að taka til sérstakrar skoðunar og tryggja þarf honum ásættanlegt rekstrarumhverfi, enda gegnir hann mikilvægu hlutverki í byggðakeðjunni og gæði afurðanna eru óumdeild.

7) Vaxtarsamningur við Eyjafjarðarsvæðið

Fulltrúar frá Húsavíkurbæ tóku þátt í starfi verkefnishópa sem stofnaðir voru um mótun vaxtarsamningsins. Fulltrúar Húsavíkurbæjar tóku störf sín alvarlega og lögðu sitt af mörkum til að gera vinnuna sem árangursríkasta og væntu þess að sjá sameiginleg markmið Eyjafjarðar og byggðar austan Vaðlaheiðar. Við framkvæmd samningsins hafa hagsmunamál þingeyinga þó



HÚSAVÍKURBÆR

KETILSBRAUT 7 - 9 - 640 HÚSAVÍK

frekar litið í lægra haldi fyrir sjónarmiðum eyfirðinga, og því getur bæjarráð ekki annað en lýst yfir vonbrigðum með, hve lítið vægi sjónarmið þingeyinga hafa fengið. Þess ber þó að geta að í vinnu við heilsuklasa hafa sjónarmið og hugmyndir þingeyinga fengið að njóta sín. Öllum ætti að vera ljóst hversu þýðingarmikið það er að líta á þetta svæði sem eina heild.

10) Fjarskiptamál í dreifbýli

Ljóst er að staða þessara mála er óásættanleg fyrir íbúa dreifbýlisins og mun verða það áfram nema stjórnvöld grípi til virkra aðgerða, sem ekki er hægt að ætla fjarskiptafyrirtækjum á frjálsum markaði. Hvatt er til þess að ekki verði aðeins gert átak í þessum málum í eitt skipti, heldur er nauðsynlegt að vinna stöðugt að verkefninu vegna þeirrar hröðu þróunar sem er í þessum málum.

11) Jöfnun verðs á gagnaflutningi

Í raun gildir það sama hér og varðandi tæknilegu uppbygginguna. Ríkisvaldið verður að beita sér fyrir aðgerðum sem tryggja jöfnuð í verðlagningu þessarar þjónustu, líkt og gert var með innanlandssímtöl á sínum tíma. Það er álit bæjarráðs Húsavíkurbæjar að í vegi fyrir því séu engar þær hindranir sem ekki eru yfirstíganlegar, sé pólitískur vilji fyrir hendi.

12) Efling náms með fjarskipta- og upplýsingatækni

Bæjarráð lýsir yfir ánægju sinni með bætt aðgengi að menntun á svæðinu. Efla þarf Framhaldsskólann á Húsavík enn frekar, til að hann standist samkeppni við aðra framhaldsskóla. Ef vel er gert treystir skólinn búsetuskilyrði í héraðinu öllu. Tækifæri felast í staðsetningu skólans í heimabyggð. Unglingar í Húsavíkurbæ hafa tækifæri til að búa í foreldrahúsum og stunda sitt framhaldsskólanám í faðmi fjölskyldunnar. Góð heimavist myndi efla og styrkja skólann verulega, og væntanlega draga úr fólksfækkun í Þingeyjarsýslu.

Nálægðin við háskólasamfélagið á Akureyri styrkir byggðina og atvinnuuppbygginu á svæðinu. Mjög hefur færst í vöxt að fólk stundi háskólanám frá Húsavíkurbæ, ýmist með fjarnámi eða daglegum ferðum á milli.

Tilkoma Þekkingarseturs Þingeyinga hefur stuðlað að vaxandi áhuga og bættu aðgengi að háskólanámi í sveitarfélaginu. Þekkingarsetrið hefur eflt fólk til vitundar um tækifæri sem búa í margvíslegri þekkingu. Við þær aðstæður sem eru í dag hefur Þekkingarsetrið takmarkaðar forsendur til langtímaáætlana vegna óljósrar stöðu um framlög til starfseminnar til frambúðar. Það er því afar mikilvægt að starfsemi Þekkingarsetursins verði tryggð til framtíðar með föstum framlögum á fjárlögum ríkisins.

14) Rafrænt samfélag

Húsavíkurbær er aðili að "rafrænu samfélagi", samstarfsverkefni með Aðaldælahreppi og Þingeyjarsveit með stuðningi ríkisvaldsins. Verkefninu er ætlað að stuðla að jákvæðri þróun á sviði upplýsinga- og tölvutækni. Megin



HÚSAVÍKURBÆR

KETILSBRAUT 7 - 9 - 640 HÚSAVÍK

áherslan er á almenna nýtingu tækninnar í daglegum verkefnum íbúanna, hvort sem það snýr að atvinnu, stjórnsýslu eða tómstundastarfi, sem birtist vel í slagorði verkefnisins "Virkjum alla!".

Húsavíkurbær væntir þess að verkefnið hafi jákvæð áhrif og auki m.a. þekkingu almennings á möguleikum upplýsingatækninnar. Sá hluti sem snýr að bættum tengingum í dreifbýli mun án efa stuðla að bættum búsetuskilyrðum. Til þess að áhrif verkefnisins skili sem mestum ávinningi fyrir íbúa svæðisins þarf að bæta öll fjarskiptanet á svæðinu. Með því er átt við útsendingar sjónvarps og útvarps, farsímaskilyrði og tölvutengingar.

19) Uppbygging ferðaþjónustu í dreifbýli

Margt gott hefur verið að gerast í grunnvinnu varðandi uppbyggingu ferðaþjónustu, t.a.m. í heilsutengdri ferðaþjónustu og menningartengdri ferðaþjónustu og er hvatt til áframhaldandi vinnu sem miðar að því að einstök héruð geti nýtt styrkleika sína til uppbyggingar í greininni.

Ekki verður skilið við umfjöllun um uppbyggingu ferðaþjónustu í dreifbýli án þess að minnst á mikilvægi uppbyggingar samgöngumannvirkja til að opna einstök svæði fyrir ferðaþjónustuna. Þannig er uppbygging hringleiðarinnar Húsavík-Mývatn-Dettifoss-Ásbyrgi-Húsavík, sem gengið hefur undir nafninu Demantshringurinn, ein grundvallarforsenda frekari uppbyggingar ferðaþjónustu í héraðinu.

20) Endurgreiðsla námslána

Hugmyndir um breyttar reglur um endurgreiðslur námslána er hluti af því sem mjög nauðsynlegt er fyrir landsbyggðina að unnið verði að áfram. Lækkun endurgreiðslna námslána vegna erfiðari búsetuskilyrða gæti verið hvatning fyrir menntað fólk að setjast að í heimabyggð. Hvatt er til aðgerða á þessu sviði sem fyrst.

21) Efling umhverfisstarfsemi sveitarfélaga

Stærstur hluti þeirra umhverfisverkefna sem eru á vettvangi sveitarfélaganna falla undir lög- eða hefðbundin verkefni þeirra s.s. meðhöndlun og förgun úrgangs, fráveitumál, landgræðsla, skógrækt og skipulagsmál.

Þar sem verið er að auka áherslu á umhverfismál almennt og þar með á markmið um sjálfbæra þróun væri rétt að ríkisvaldið kæmi meira að því að skipuleggja og fjármagna þessa kostnaðarsömu umhverfismálaflokka en nú er. Eðlilegt væri t.a.m. að horfa til landsins í heild á grundvelli skynsamlegra svæðaskiptingar, hvað varðar söfnun og förgun úrgangs. Þá er rétt að leggja áherslu á nauðsyn þess að ríkisvaldið komi í auknum mæli að fjármögnun kostnaðarsamra fráveitumannvirkja sveitarfélaga.

22) Landupplýsingakerfi og sveitarfélög

Bæjarráð Húsavíkurbæjar vill hvetja til áframhaldandi vinnu sem tengist landsupplýsingakerfum sveitarfélaga. Hvers kyns verkfæri sem auðvelda



HÚSAVÍKURBÆR

KETILSBRAUT 7 - 9 - 640 HÚSAVÍK

skýrslugerð og samanburð á milli sveitarfélaga eru jákvæð. Miklar kröfur eru gerðar til sveitarfélaga um upplýsingagjöf af ýmsu tagi án þess að til komi fjármagn til að standa straum af þeirri vinnu sem því fylgir. Því er afar jákvætt ef stuðlað verður að samræmingu og einföldun á upplýsingagjöf til opinberra aðila. Það kann einnig að nýtast sem öflugt tæki við stjórnun og rekstur sveitarfélaganna og getur þannig leitt til hagræðingar.

Aðrar aðgerðir

Fjarlækningar. Sú þróunarvinna sem tengist fjarlækningum með aðkomu Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga (HÞ) er afar jákvæð fyrir sveitarfélagið og byggðalagið í heild. Metnaðarfullir læknar hafa sýnt áhuga á að starfa við HÞ m.a. vegna þeirra margvíslegu verkefna sem þar fara fram. Gera má ráð fyrir að íbúar á svæðinu njóti góðs af aukinni samvinnu og samstarfi HÞ við aðrar heilbrigðisstofnanir í formi aukinnar þekkingar og viðtækra reynslu fagfólks HÞ. Það hefur komið berlega í ljós við framkvæmd fjarlækningaverkefnisins Þórshöfn-Húsavík-Akureyri að mikilvægt er að láta heimamenn stjórna öllu ferlinu sjálfa og vera ekki með stjórnendur frá suðvesturhorninu sem eru ekki eins vel inni í aðstæðum og hafa líka ýmsum öðrum hnöppum að hneppa. Verkefnið hefur þannig dregist verulega og árangur ekki sýnilegur enn.

Þjóðgarðar. Efling þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum er mikilvæg fyrir ferðaþjónustu á öllu Norðurlandi. Fjölgun ferðamanna hefur viðtæk áhrif í verslun og þjónustu, styrkir atvinnulíf á svæðinu og er því mikilvægt byggðamál. Forsenda þess að þetta gangi eftir er að lagður verði heilsársvegur frá þjóðvegi 1, niður með Jökulsá að vestan hjá Dettifossi og um þjóðgarðinn. Með bættum vegasamgöngum sem fela í sér heilsársveg, opnast nýjir möguleikar fyrir heilsárs ferðaþjónustu sem styður við þá uppbyggingu sem þegar er orðin. Varanleg vegagerð sem tengir saman byggðalögin frá Húsavík til Þórshafnar styrkir þá möguleika enn frekar.

Varasjóður húsnæðismála. Með tilkomu varasjóðs húsnæðismála breyttust möguleikar til sölu á íbúðum í því sem var félagslegt eign- og leigusjúðakerfi til hins betra. Með aðkomu sjóðsins er sveitarfélögum mögulegt að setja á markað íbúðir sem ekki hefði verið auðvelt að réttlæta sölu á, vegna þess hve há lán hvíla á íbúðum miðað við söluverðmæti á landsbyggðinni. Þetta gefur sveitarfélögum kost á að setja íbúðir á markað í samræmi við þörf markaðar, án þess að sitja eftir með þunga greiðslubyrði af seldum íbúðum. Það er von bæjarráðs Húsavíkurbæjar að áframhald verði á greiðslum úr varasjóði húsnæðismála, til að stuðla að jafnvægi í framboði og eftirspurn íbúða.

Bændur græða landið. Bændur í Reykjahverfi (Reykjahreppi hinum forna) sem nú er hluti Húsavíkurbæjar, hafa verið virkir þátttakendur í verkefninu "bændur græða landið". Bæjarráð telur afar jákvætt að til komi



HÚSAVÍKURBÆR

KETILSBRAUT 7 - 9 - 640 HÚSAVÍK

stuðningur við þá aðila sem bera hag náttúrunnar fyrir brjósti og vilja leggja sitt af mörkum til að koma í veg fyrir frekari gróðureyðingu.

Að lokum

Bæjarráð Húsavíkurbæjar leggur áherslu á það að einstök byggðarlög fái notið þeirra náttúruauðlinda sem þar liggja og þannig verði frumkvæði heimamanna á hverju svæði nýtt til þess að hámarka þjóðhagslegan hag af nýtingu þeirra. Mikilvægt er í þessu samhengi að líta til uppbyggingar samgöngumannvirkja til þess að stækka atvinnu- og þjónustusvæði. Það er t.a.m. mjög mikilvægt með tilliti til nýtingar orkuauðlinda í Þingeyjarsýslu með uppbyggingu orkufreks iðnaðar við Húsavík. Til að hámarka jákvæð áhrif slíkrar uppbyggingar og framkvæmdar vaxtarsamnings Eyjafjarðarsvæðisins eru öflugar samgöngubætur á svæðinu mikilvægar. Í því samhengi er gangagerð undir Vaðlaheiði og stytting leiðarinnar um Kinn með nýjum vegi og brú á Skjálfandafljót lykilatriði.

Í ljósi slíkrar framtíðarsýnar þarf að tryggja framlög til uppbyggingar Húsavíkurhafnar svo bæta megi hafnaraðstöðuna enn frekar. Tryggja verður framlög til Aðaldalsflugvallar með það að leiðarljósi að ekki verði skaði á þeim tækjum og aðstöðu sem nú eru til staðar á flugvelli. Eftir að áætlunarflugi var hætt til Húsavíkur fyrir nokkrum árum hefur viðhaldi tækja og vallar verið ábótavant. Til að flugvöllurinn geti gegnt öryggishlutverki sínu er mikilvægt að halda ástandi hans þannig að það teljist ásættanlegt. Það bætir einnig samkeppnisstöðu héraðsins í ferðaþjónustu ef tækifæri skapast í framtíðinni til að hefja flug aftur um völlinn.

Það er skoðun bæjarráðs Húsavíkurbæjar að öflug uppbygging grunngerðar samgangna, fjarskipta og gagnaflutninga séu árangursríkustu byggðaaðgerðir sem stjórnvöld geta gripið til. Er það von bæjaráðs að næsta byggðaaætlun nái til þessara mikilvægu grunnþátta, og feli í sér markmið og leiðir til úrbóta.

Það er von bæjarráðs að Byggðastofnun og stjórnvöld nýti þau efnisatriði sem hér hefur verið komið á framfæri við gerð byggðaaætlunar 2006-2009, þannig að sjónarmið landsbyggðarinnar fái að njóta sín við þá vinnu.

Með kveðju
fh. bæjarráðs Húsavíkurbæjar


Hulda Ragnheiður Árnadóttir